



**Ávarp  
forseta Íslands  
Guðna Th. Jóhannessonar  
við opnun sögusýningar  
um Karmelklostrið í Hafnarfirði**

**1. júní 2019**

Ágætu sýningargestir.

Ég fagna því tækifæri að ávarpa ykkur á þessum viðburði. Vel er við hæfi að halda á lofti langri sögu Karmelsystra í Hafnarfirði. Á þessari sýningu verður hægt að fræðast um áfanga á þeirri vegferð, allt frá því að hugmyndir kviknuðu fyrst um byggingu klosturs hér í bæ á vegum Karmelreglunnar, fyrir rúmum 90 árum. Um áratug síðar, árið 1939, komu þrjár hollenskar Karmelsystur til Hafnarfjarðar og er þeirra tímamóta minnst í ár. Seinni heimsstyrjöldin olli því að slá varð frekari áformum á frest en árið 1947 var klostrið loks vígt og innsiglað að reglusið.

Við minnumst þess einnig í ár að aldarfjórðungur er síðan hópur pólskra systra kom í klostrið í stað þeirra sem þar höfðu dvalið um langa hríð og höfðu ekki lengur tök á að reka klostrið. Ýmislegt hefur breyst í tímans rás uppi á Jófríðarstöðum, jörðinni sem klostrið reis á. Létt hefur verið á reglum um algera einangrun innisystra og nú er klostrið með heimasíðu, meira að segja með hlekkum á Facebook og Youtube. Hitt er óbreytt að innan veggja þess sinna Karmelsystur köllun sinni og heitri trú. Hver dagur hefst með bænum og kórsöng árla morguns. Síðan er unnið inni eða utandyra, beðið áfram og sungið, lesið í hinni helgu bók og lögð stund á íslenskunám.

Í klastrinu er hægt að kaupa ýmsan varning. Sjálfur minnst ég úr æsku ferða þangað og hlýlegs viðmóts á þessum dulræða stað, að því er barninu fannst. Þá getur fólk leitað til systranna um fyrirbærir. Eflaust veitir það þeim, sem eftir því leita, huggun og fró.

Hvað fær ungar stúlkur til þess að loka sig af frá umheiminum að miklu leyti? Er það í raun guðs vilji? „Þetta er köllun“, sagði ein systirin í viðtali fyrir nokkrum árum: „Engin kona, sem ekki finnur fyrir þessari köllun, gæti haldið þetta út. ... Við trúum því að með lífi okkar hjálpum við öðrum. Auðvitað er þetta stundum erfitt, við erum engir englar. En engu að síður tel ég mig vera hamingjusömustu konu í heimi og ég er guði þakklát fyrir að hafa valið mig.“

Með þessum orðum móður Maríu þakka ég aftur það góða boð að flytja hér stutt ávarp og segi þessa sögusýningu opna.